

Alþingi
Nefndasvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 5. desember 2005

Tilvísun: 200512-0002/ 0.03.01

Varðandi frumvarp til laga um starfsmannaleigu, 366. mál.

Til að tryggja að starfsmönnum starfsmannaleiga séu búin jafn góð vinnuskilyrði og öðrum starfsmönnum skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum leggur Vinnueftirlit ríkisins til að bætti verði ákvæði inn í frumvarp til laga um starfsmannaleigur, þar sem með skýrum hætti verði kveðið á um ábyrgð atvinnurekanda til að tryggja starfsmönnum starfsmannaleiga öryggi, aðbúnað og hollustuhætti á meðan þeir eru í hans þjónustu.

Vinnueftirlit ríkisins leggur til að eftirfarandi ákvæði komi inn í III. kafla frumvarpsins sem ákvæði 9. gr.:


9. gr.

Vinnuvernd starfsmanna starfsmannaleiga

Atvinnurekandi, sem hefur undir sinni stjórn starfsmenn frá starfsmannaleigu skal tryggja öryggi þeirra, aðbúnað og hollustuhætti á meðan þeir eru í hans þjónustu með sama hætti og eigin starfsmönnum.

Um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti starfsmanna starfsmannaleiga gilda lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Virðingarfyllt
f.h. Vinnueftirlitsins


Áslaug Einarsson
lögfræðingur